

Stjórnarfundur FKA #8 - fundargerð

Starfsár 2022 – 2023

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 12.01.2023

Tími: 12:00 – 13.30

Mættar: Dóra Eyland (DE), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Íris Ósk Ólafsdóttir (ÍÓÓ), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Sigrún Jenný Barðadóttir (SJB) og Unnur Elva Arnardóttir (UEA). ásamt framkvæmdastjóra félagsins Andreu Róbertsdóttir (AR).

Forföll boðuðu: Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH).

Dagskrá fundarins var eins og merktir liðir bera með sér.

12.00 – 12.10	1	Opnunarhringur – hvernig hefur þú það? 1 mín pr konu Nóg að gera hjá öllum stjórnarkonum sem koma vel af stað inn í nýja árið eftir alls konar jól & áramót. Bjartsýni fyrir árinu og starfsár FKA hafið!
12.10 – 12.25	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – (AR) Viðurkenningarhátíð FKA – Grand hótél er með allt klárt sem snýr að þeim og sérblaðið orðið vel þétt af auglýsingum FKA kvenna. Umræður um að blaðið sé hætt í dreifingu en þrátt fyrir það verða hlekkir sem hægt verður að dreifa á vefmiðlum, fyrir og eftir hátíð. Einnig verður hægt að nálgast blaðið á pappír til að koma því í dreifingu inn á kaffistofur fyrirtækja. Viðurkenningarhafar eru spenntir fyrir deginum og fá frábæra þjónustu frá nefnd og félaginu í heild. Farið var yfir verkaskiptingu stjórnar og hverju þarf að huga að á deginum sjálfum. FB viðburður er kominn í loftið þar sem fólk er hvatt til þess að melda sig og mæta. Auglýsum viðburðinn á okkar miðlum og hvetja alla í sínu næsta umhverfi til að mæta og taka þátt, hvort sem er í raun eða streymi. Standandi viðburður. Stefnumótun – erindrekar, fjármálaráð, tækniráð, lögsögukonur o.fl., AR hvetur stjórnarkonur til frekari þátttöku, sérstaklega þær konur sem sitja áfram í stjórn að þessu starfsári loknu og eins þær stjórnarkonur sem ætla að vera áfram í félaginu. AR óskar eftir að því að stjórnarkonur lesi og kynni sér lög félagsins og bendir á að þau lög sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi séu mjög umfangsmikil. Farið yfir stöðu félagsins – uppgjör við A-FKA og Leiðtoga-Auði útistandandi en heildarstaða félagsins góð. Viðburðir janúar – stjórnarkonur eru beðnar um að fylgjast með dagatali félagsins og mæta þegar þær geta.
12.25 – 13:20	3	Verkefni stjórnar a. Nýliðakynning 12. Janúar – UEA/AR Raf-kynning, Unnur mætir fyrir hönd stjórnar og Andrea sem framkvæmdastjóri. Báðar eru með stuttar kynningar.

		b. Innra skipulag (stefnumótun og framfylgni laga) – SHP, AR 19. janúar - Stefnumótunarfundur þar sem félagskonum er boðið að mæta og fulltrúaráð boðað. Farið verður yfir tillögur um orðalag og umfang Fjármálaráðs, Tækniráðs og Erindreka. Einnig verður lagt fyrir til rýni orðalag varðandi Trúnaðarráð, Siðareglur, Fulltrúaráð og Fastanefndir. Lögsögukonur – leitað verður að þremur löglærðum konum til að taka að sér yfirferð laga félagsins fyrir aðalfund, á aðalfundi skulu síðan þrjár konur kosnar og þrjár til vara til þessa hlutverks til næsta starfsárs. Öldungaráð – leitað verður að a.m.k. þremur konum á besta aldri til að rýna orðalag og umfang Öldungaráðs. Kjósa skal til Öldungaráðs á komandi aðalfundi. Afar flottar konur eru innanborðs í stefnumótunarhóp, en almennt vantar meiri virkni í kringum þessa vinnu, AR og SHP benda á að mikið álag og veikindi hafi frestað og hamlað hraðari úrvinnslu. Ákvæði í lögum félagsins leggja kvaðir á núverandi stjórn eru, viðamikil og mögulega er raunhæfara að fresta úrvinnslu á nokkrum ákvæðum fram til starfsársins 2023-24. Umræður voru um umfang og eðli stefnumótunar félagsins. c. FKA viðurkenningarhátíð – 26. janúar 2023 – AR, GG, KKH Sjá nánari útskýringar frá skýrslu framkvæmdastjóra. Allt að verða klárt og stutt í daginn, stjórnarkonur sem eru lausar þennan dag gefa sig fram við Guðrúnu sem útdeilir verkefnum. d. Sýnileikadagur 2023 – 2.3.23 DE, KKH, SJB + nefnd Góð vinna í gangi, nefnd hittist í upphafi árs, búið að fá staðfesta fyrirlesara, verið að raða niður dagskrá. Verður fundað vikulega fram að viðburði. Hugmynd á borði að hitta fyrirlesara fyrir viðburði og eiga saman stund til að hrista hópinn vel saman. Umræða um lengd erinda. e. Alþjóðasamskipti SHP/SJB EWOB – evrópusamtök kvenna í stjórnnum sem vilja fá FKA inn í partnership með sér – samtal í gangi. Tengiliður var sendur til Jafnvægisvogarráðs og LeiðtogaAuða. 67. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í mars FKA og öðrum félagasamtökum kvenna stendur til boða að fara sem fulltrúar í sendinefnd Íslands. Sótt var um að fara síðast árið 2019 fyrir þáverandi formann FKA sem var komin með styrk en Covid kom í veg fyrir að farið væri. Samþykkt er að SHP fari fyrir hönd FKA, einnig að sótt verði um styrk fyrir 3 stjórnarkonur. GSW í Dubai í maí Góður hópur að myndast til að fara, ca. 12 konur sem eru búnar að skrá sig og ætla margar að taka maka með sér. . Jónína Bjartmarz hefur haldið utan um hópinn til að bóka flug og afþreyingarferðir samhliða ráðstefnunni. Streymi frá Viðurkenningarhátíð, SHP ætlar að senda hlekkinn til FKA - DK og tengiliða í Kanada. f. AWE nýsköpunarhraðall – AR Ekki komnar frekari upplýsingar en AR lætur okkur vita þegar hraðallinn fer af stað. Vantar spons/svar frá bandaríska sendiráðinu en horfur eru góðar.
--	--	---

		Stjórnarkonur eru hvattar til að hnippa í félagskonur þegar hraðallinn fer af stað. g. Aðalfundur – SHP/AR Aðalfundur FKA 2023 verður haldinn þann 11. Maí og verður síðasta verkefni þessarar stjórnar saman. Sækja þarf lögsögukonur og kjörstjórn nú þegar til að ramma þetta inn með okkur. SHP óskar eftir ÍÓÓ að taka þetta verkefni með sér og GG til vara.
13.20 - 13.30	6	- Smartland – samstarf við FKA á kynningu á félagskonum Ekki komið á hreint hvernig samstarfið verður. - Afmælskveðjur til FKA kvenna Umræður um hvort umgjörð þurfi um hvernig skal hylla félagskonur í tilefni af stórafmælum. Engin ákvörðun var tekin en umræður góðar. - Forsætisráðherra mun kynna stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun á ráðherrafundi í New York í júlí 2023. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi stýrir vinnuhóp um stöðu Íslands á Heimsmarkmiðum SP – búið að úthluta FKA fjórum heimsmarkmiðum af sautján – nánar tiltekið nr 5/10 & 8/9. AR mælir með að auglýsa eftir áhugasömum FKA konum til að taka þátt í nefnd um heimsmarkmiðin. Heimsmarkmið SP nr 5/10 & 8/9 lúta að jafnrétti kynja, auknum jöfnuði, góðri atvinna og hagvöxtur og nýsköpun og uppbyggingu. Samþykkt var að auglýsa eftir tveimur FKA konum til að taka þátt í þessari vinnu. 13:25 – fundi slitið